

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 1998

19. nóvember 1998

2033

Nr. 666

REGLUGERÐ um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 25. nóvember 1998 til og með 31. desember 1998, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30N, 21°39V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30N, 21°39V í punkt 63°40N, 22°32V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°40N, 22°32V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 25. nóvember 1998 til og með 30. apríl 1999, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42V og að norðan af 64°20N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þessa að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. nóvember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.